

Original Parkettlack Matt

Matt parketlakk

Efnislýsing

Original Parkettlack Matt er vatnspynnalegt og lyktarlítið einþátta lakk fyrir parketgólf og trégólf. Það er einnig hentugt á ómeðhöndlaðan kork, viðartröppur og aðra viðarfleti. Original Parkettlack Matt gefur slitsterkt og endingargott yfirborð.

Meðhöndlun

Ólökkuð gólf

Hreinsið gólfíð af ryki og fjarlægð ójöfnur. Ryksugið vandlega fyrir lökkun. Gólfíð á að vera vel þurr (rakastig 5-15%). Berið á þunnt lag af Original Parkettlack Matt með pensli eða rúllu (þynnt um 10% með vatni). Þegar lakkið hefur þornað (eftir u.þ.b. 1 klst.) og flöturinn hefur náð jafnri lakkáferð skal fara yfir hann með sandpappír af grófleika nr. 150 og ryksuga í kjölfarið. Þá skal bera á annað lag af lakkinu með pensli eða rúllu og dugar það oftast sem efsta lag. Við lökkun á mýkri viði, svo sem furu, greni eða beyki þarf gjarnan eina umferð til. Brúnbeyki, demantsfuru og dónáreik skal ekki lakka með Original Parkettlack Matt. Athugið að olíuríkan við eins og tekk má lakka strax með ólituðu lakkinu eftir þússun.

Áður lökkuð gólf

Hreinsið gólfíð vandlega af öllum óhreinindum, vaxi, sápuþeifum og fitu. Hreinsið burtu laust lakk. Lakkað yfirborð skal þrifa með Original Málartvätt. Hreinsið vel á eftir með hreinu vatni. Í síðasta hreinsivatnið skal setja edik (3 dl af 24% sterku ediki í 8-10 lítra af vatni). Slípið gólfíð matt með sandpappír af grófleika 120-150 og ryksugið í kjölfarið. Lakkið 1-2 umferðir með Original Parkettlack Matt.

Athugið

UV-hert gólfíð (verksmiðjulökk) verður að slípa alveg niður í hreinan við. Eftir það skal prófa lakkið til að kanna viðloðun. Ekki er hægt að lakka yfir Original Parkettlack Matt með leysiefnaþynntu lakki.

Almennt

Ekki setja húsgögn á gólfíð fyrir en heilum sólarhring eftir lökkun og mottur má ekki setja á gólfíð fyrir en eftir eina viku.

Heilsufars- og umhverfismál

Við þússun eða þegar málning er fjarlægð með hita geta myndast agnir og gufur sem eru skaðlegar heilsunni. Ávallt skal mála í vel loftræstu rými og nota grímur fyrir öndunarfæri ef loftræsting er ónóg. Sjá einnig upplýsingar á öryggisblaði. Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrifið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tómum umbúðum til endurvinnslustöðva.



Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Innanhúss

Tegund: Pólyúretan/akrýl

Gljástig: Matt 10%

Lykt: Lyktarlítið

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1 klst.

Yfirmálun: 8 klst. Húsgögn inn á flöt eftir 24 klst.

Hitastig við málun: Minnst+10°C, mest +25°C loft- og undirlag

Rakastig: 40-80%, kjórrakastig 65%

Þynning: Vatn, mest 10%

Litir: Litlaust

Verkfæri: Penslar, lakkrúllur

Þekja: 6-10 m²/l

Umbúðir: 1 og 2,5 lítra dósir

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými

Rokgjörn lífræn efni (VOC fl.A/i 140 g/l 2010): Inniheldur mest 90 g/l